



Nefndasvið Alþingis

nefnadasvid@althingi.is

Egilsstöðum, 31. 03. 2016

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.

Skógrækt ríkisins er sammála því að gott sé að hafa skrá yfir ræktunarland á Íslandi. Hins vegar er ekki víst að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til að vernda slíkt land. Því er lagt til að fyrsti málsliður verði:

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja á fót starfshóp til að móta og setja fram stefnu stjórnvalda um flokkun ræktunarlands og fylgja henni eftir með áætlun um skráningu ræktunarlands og varðveisluráðstafanir ef þörf krefur.

Hér er m.ö.o. lagt til að ekki verði ákveðið fyrirfram að þörf sé á vernd ræktunarlands fyrir tiltekna ræktun (t.d. kornrækt). Verndarþörf er ekki hægt að meta fyrr en skráning og flokkun hefur átt sér stað. Vel má vera að niðurstöðurnar verði þær að gnótt sé af ræktunarlandi miðað við fyrirséðar þarfir um ókomin ár.

Annað sem vert er að benda á er að ræktun ætti að skilgreina vítt í þessu samhengi, ekki aðeins þannig að miðað sé við kornrækt. Meðal nota fyrir ræktunarland er svokölluð akurræktun á ösp til lífmassaframleiðslu, sem er 20-50 ára ferill. Niðurstöður tilrauna hérlendis benda til þess slík notkun á ræktunarlandi sé arðbær og miklir markaðir eru fyrir lífmassa úr trjáviði hér á landi, einkum í kísilmálmvinnslu. Ef markaðir breytast er ekki neitt því til fyrirstöðu og aðferðir þekktar við að breyta slíkum asparökum í aðra ræktun s.s. kornrækt eða repjurækt.

Auk þess má vera að aukin skógrækt og skjólbeltarækt í landinu, með auknu skjóli sem af því leiðir, sé hagkvæmasta lausnin til þess að auka skilvirkni kornræktar og annarrar ræktunar nytjajurta til matvælaframleiðslu.

Virðingarfyllt

Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri